

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hofsóshrepps, Hofshrepps og Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 16. mars 1990 staðfest sameiningu Hofsóshrepps, Hofshrepps og Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Hofshreppur.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja Hofshrepps skal fara fram laugardaginn 26. maí 1990, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja Hofshrepps, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefndir Hofsóshrepps, Hofshrepps og Fellshrepps skulu hver um sig kjósa einn aðalmann og annan til vara í kjörstjórn, sbr. 1. mgr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Skal sú kjörstjórn ein gegna störfum við framangreindar sveitarstjórnarkosningar, þar eð umboð þeirra kjörstjórna, sem fyrrgreindar hreppsnefndir kusu vorið 1986, fellur niður.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 10. júní 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hörgslandshrepps, Kirkjubæjarhrepps, Skaftártunguhrepps, Leiðvallarhrepps og Álftavershrepps í Vestur-Skaftafellssýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 16. mars 1990 staðfest sameiningu Hörgslandshrepps, Kirkjubæjarhrepps, Skaftártunguhrepps, Leiðvallarhrepps og Álftavershrepps í Vestur-Skaftafellssýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Skaftárhreppur.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja Skaftárhrepps skal fara fram laugardaginn 26. maí 1990, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja Skaftárhrepps, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 10. júní 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.